Lögreglustjórinn á Höfuðborgarsvæðinu
Hverfisgötu 113-115
105 Reykjavík

Akureyri, 23. júní 2014

KÆRA

Efni: Kæra vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi

Fyrir hönd Polaris Seafood ehf., kt. 551007-1030, til heimilis að Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, er farið fram á að Lögreglustjórinn á Höfuðborgarsvæðinu hefji nú þegar rannsókn á hendur Ingveldi Einarsdóttur, setts hæstaréttardómara, kt. 290459-4869, til heimilis að Bollagörðum 59, 170 Seltjarnarnesi, vegna ætlaðra brota í starfa hennar sem héraðsdómari hjá Héraðsdómi Reykjavíkur í tengslum við meðferð mála nr. R-166/2012 og R-167/2012 þann 27. mars 2012.

Að mati kæranda eru ætluð brot Ingveldar talin varða við 131. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

I. Málavextir

Kærandi er einn af þeim sem þurftu að sæta þvingunarráðstöfunum á grunni úrskurða hins kærða dómara, Ingveldar Einarsdóttur, í framangreindum málum. Fyrir liggur að kærandi hefur aldrei notið réttarstöðu sakbornings og grunur hefur aldrei verið um brot í tengslum við starfsemi hans.

Málavextir eru í stuttu máli þeir að með beiðnum, dags. 23. mars 2012, fór Seðlabanki Íslands (hér eftir „Seðlabankinn") þess á leit við Héraðsdóm Reykjavíkur að heimild fengist til húsleitar og haldlagningar gagna hjá Samherja hf., Þekkingu-Tristan hf. og 18 nánar tilgreindum fyrirtækjum á fjórum stöðum á Akureyri og í Reykjavík. Með úrskurðum í málum nr. R-162/2012 og R-163/2012, uppkveðnum 24. mars 2012, féllst héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur (*Ingimundur Einarsson*), á beiðnir Seðlabankans.

Upp úr kl. 9 þriðjudagsmorguninn 27. mars 2012 mætti mikill fjöldi manna á vegum Seðlabankans á starfsstöðvar Samherja hf. og Þekkingar-Tristan hf. til verksins. Við upphaf aðgerðanna var úrskurðunum andmælt og bent á að ómögulegt væri að framfylgja úrskurðunum, einkum og sér í lagi um haldlagningu og afritun gagna hjá Þekkingu-Tristan hf. (úrskurður í máli nr. R-163/2012), sökum þess hve víðtækur og í senn ónákvæmur hann var. Þá lá einnig fyrir að úrskurðurinn sem veitti heimild til leitar og haldlagningar gagna á starfsstöðvum Samherja hf. (úrskurður í máli R-162/2012) tiltók ýmis fyrirtæki sem mörg hver höfðu ekki átt í neinum erlendum viðskiptum og því ekki raunhæft rannsóknarandlag vegna meintra brota á gjaldeyrislöggjöf.

Að auki var á það bent að úrskurðirnir heimiluðu ekki haldlagningu gagna tiltekinna félaga sem Seðlabankinn ætlaði sér fyrirsjáanlega að leggja hald á. Starfsmaður Seðlabankans (*Hreiðar Eiríksson*) punktaði einfaldlega hjá sér nöfn þeirra fyrirtækja og í kjölfarið voru frekari aðgerðir á starfsstöðvum Samherja hf. og Þekkingar-Tristan hf. stöðvaðar. Fór Seðlabankinn í framhaldinu með nýjar beiðnir um húsleit og haldlagningu til Héraðsdóms Reykjavíkur. Á meðan voru vettvangarnir vaktaðir af lögreglu.

Í hinum nýju beiðnum Seðlabankans hafði verið bætt við tíu félögum, þar á meðal kæranda, bókhaldskerfi SAP, svo og skjalageymslu að Sjávargötu 6, Árskógssandi. Að öðru leyti voru beiðnirnar, rökstuðningur þeirra og upptalin gögn alveg óbreytt frá fyrri beiðnum Seðlabankans, sem legið höfðu til grundvallar úrskurðunum frá 24. mars 2012. Ekki var fyrir að fara neinum rökstuðningi fyrir því að þeim fyrirtækjum var bætt við og því síður var í beiðnunum vísað til nýrra gagna eða upplýsinga, né að þörf væri að halda rannsóknarþolum utan dómþings.

Laust eftir hádegið þennan sama dag kvað hinn kærði héraðsdómari upp nýja úrskurði með málsnúmerunum R-166/2012 og R-167/2012. Fyrir utan hin nýju nöfn og viðbótar leitarstað voru úrskurðirnir algjörlega sambærilegir fyrri úrskurðum, þ.m.t. rökstuðningur hins kærða dómara. Þrátt fyrir að kunnugt væri um aðgerðir Seðlabankans, og að búið væri að tryggja vettvanga, var hvorki fulltrúi kæranda né annarra sem beiðnirnar beindust að boðaðir til fyrirtöku í Héraðsdómi Reykjavíkur þegar hinar nýju beiðnir voru teknar fyrir og úrskurðir kveðnir upp.

Rétt er að geta þess að hvorki kærandi né aðrir sem beiðnirnar beindust að hafa getað sannreynt að gögn og fylgiskjöl hafi yfir höfuð verið lögð fram fyrir hinn nýja dómara, þrátt fyrir að í úrskurðum hans sé vísað til þess að rannsóknargögn málsins liggi frammi og byggt sé á þeim. Ástæða þess er sú að umrædd gögn eru ekki í vörslum dómstólsins þrátt fyrir skýra og ófrávíkjanlega lagaskyldu þar að lútandi, sbr. fylgiskjal nr. 6 með kæru þessari.

Um málavexti að öðru leyti er vísað til málavaxtalýsingu í fylgiskjali nr. 1., einkum efnisgreinar 21-45.

II. Ætluð brot á almennum hegningarlögum

Kærandi telur að meðferð Ingveldar Einarsdóttur héraðsdómara varðandi kröfur um húsleitir og haldlagningu, sem m.a. beindist að kæranda, hafi verið lögum andstæð. Verulega hafi á skort að vinnubrögð umrædds héraðsdómara hafi verið í samræmi við lög þegar heimild til húsleitar og haldlagningar hafi verið veitt. Telur kærandi að þegar veitt sé eins umfangsmikil heimild til þvingunarráðstafana eins og um ræði, sem m.a. feli í sér skerðingu á grundvallarréttindum þess sem fyrir þeim verði, sé mikilvægt að héraðsdómari fylgi bæði þeim form- og efniskröfum sem lög mæla fyrir um.

Líkt og fyrr greinir er það mat kæranda að ætluð brot hins kærða héraðsdómara varði við 131. gr. almennra hegningarlaga. Í ákvæðinu segir:

Ef dómari eða annar opinber starfsmaður, sem á að halda uppi refsivaldi ríkisins, beitir ólöglegri aðferð til þess að koma manni til játningar eða sagna, framkvæmir ólöglega handtöku, fangelsan eða leit eða leggur að ólögum hald á skjöl eða aðra muni, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 3 árum.

Kærandi telur að við meðferð krafna Seðlabankans hafi hinn kærði héraðsdómari brotið gegn framangreindu ákvæði með því að:

a) vanrækja könnun lagaskilyrða
b) boða fulltrúa kæranda ekki til þinghalds
c) þingmerkja ekki og varðveita gögn

Vanræksla á könnun lagaskilyrða

Samkvæmt 1. mgr. 103. gr. laga nr. 88/2008 skal krafa um rannsóknaraðgerð vera skrifleg og rökstudd. Skal þar koma fram skýrlega hver krafan er, að hverjum hún beinist og á hvaða grunni hún er reist. Þá skulu fylgja henni þau gögn sem hún styðst við. Samkvæmt 104. gr. sömu laga bar hinum kærða dómara fyrst að kanna hvort slíkir annmarkar væru á framkominni kröfu að vísa bæri henni þá þegar frá dómi. Þá grundvallar skyldu laga vanrækti hann.

Fyrst og fremst virðist héraðsdómarinn ekki hafa farið yfir áskilnað hvoru tveggja laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál og laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Hefði það verið gert hefði þegar komið í ljós að Seðlabankinn hafði hvorki heimild til að ráðast í húsleit á grundvelli laga nr. 87/1992 né hafi skilyrði laga nr. 88/2008 um refsingu verið fyrir hendi. Að auki voru engar upplýsingar, rökstuðningur, eða gögn að finna í beiðnunum um kæranda eða ætluð brot hans, annað en nafn hans. Héraðsdómaranum bar því að vísa kröfunum frá, sbr. 2. mgr. 104. gr. laga 88/2008.

Vanræksla hins kærða dómara sést jafnframt á því að frá því beiðni til hans barst um húsleit og haldlagningu hjá 29 lögaðilum á fimm vettvöngum liðu innan við þrjár klukkustundir þar til tveir nýir úrskurðir (annar 11 blaðsíður að lengd og hinn 12 blaðsíður að lengd) voru komnir í hendur starfsmanna Seðlabankans, sem staddir voru á Akureyri.

Fyrrgreind vanræksla hjá hinum kærða dómara leiddi til þess að honum yfirsást að beiðnir Seðlabankans og rökstuðningur fyrir þeim fullnægðu ekki kröfum 1. mgr. 103. gr. laga nr. 88/2008, sem honum bar þó að tryggja að þær gerðu.

Fulltrúar kæranda ekki boðaðir til þinghalds

Samkvæmt 1. mgr. 104. gr. laga nr. 88/2008 skal héraðsdómari að jafnaði ekki fallast á kröfu um að beiðni um rannsóknaraðgerð samkvæmt 1. mgr. 102. gr. laganna hljóti meðferð fyrir dómi án þess að sá, sem hún beinist að, verði kvaddur á dómþing, nema dómari telji það nægilega rökstutt að vitneskja um aðgerðina fyrir fram hjá honum geti spillt fyrir rannsókn. Þegar krafist var dómsúrskurðar um húsleit og haldlagningu hjá kæranda 27. mars 2012 var þegar hafin leit samkvæmt fyrri úrskurðum. Af þeim sökum var ljóst að þá þegar var

fyrirsvarsmönnum kæranda kunnugt um aðgerðirnar og á meðan voru vettvangar vaktaðir af lögreglu þannig að engin hætta var á sakarspjöllum. Það voru því engar lögmætar ástæður sem réttlættu ákvörðun hins kærða dómara um að víkja frá meginreglunni um andmælarétt þess sem krafa beinist að og kveðið er á um í 105. gr., sbr. 2. mgr. 104. gr., laga nr. 88/2008. Hefur Hæstiréttur fundið að framangreindri háttsemi hins kærða dómara, sbr. dóma réttarins í málum nr. 356/2012 og 357/2012.

Dómari þingmerkti hvorki né varðveitti gögn

Samkvæmt yfirlýsingu sem barst frá Héraðsdómi Reykjavíkur, dags. 11. desember 2013, er staðfest að fylgiskjöl og gögn sem sagt er að lögð hafi verið fram við fyrirtöku málanna séu ekki varðveitt í skjalasafni dómsins, sbr. fylgiskjal nr. 6 með kæru þessari. Að því virtu er ljóst að hinn kærði héraðsdómari þverbraut ákvæði 15. gr. laga nr. 88/2008 með því að þingmerkja ekki framlögð skjöl, votta þau ekki um framlagningu, eða varðveita í skjalasafni dómstólsins. Í nefndu ákvæði laganna segir:

> *Skjöl, sem eru lögð fram í dómi, skulu vera í frumriti séu þau tiltæk. Þau skulu merkt í áframhaldandi töluröð og vottuð um framlagningu. Sá sem leggur fram skjal skal láta í té þann fjölda eftirrita af því sem dómari mælir fyrir um og afhendir jafnframt öðrum aðilum máls eftirrit, svo og brotaþola ef mætt er af hans hálfu í málinu.*
> *Framlögð skjöl skulu varðveitt í skjalasafni hlutaðeigandi dómstóls þar til þau verða afhent Þjóðskjalasafni.*
> *Frumrit skjals verður ekki afhent öðrum en þeim sem á réttmætt tilkall til þess. Meðan máli er ólokið verður frumrit skjals þó ekki afhent nema brýn nauðsyn krefji og dómari telji að láta megi það af hendi gegn því að afrit komi í stað þess.*
> *Hljóðritanir, myndbönd og mynddiska skv. 3. mgr. 13. gr. skal varðveita í minnst þrjú ár frá lokum dómsmáls.*

Með þessari háttsemi olli héraðsdómarinn kæranda stórfelldum réttarspjöllum enda hefur kæranda af þeim sökum reynst útilokað að ganga úr skugga um hvernig málatilbúnaður Seðlabankans hafi í raun legið fyrir héraðsdómi við uppkvaðningu úrskurða um húsleit og haldlagningu.

III. Niðurlag

Eins og áður segir er kærandi einn af þeim sem þurftu að sæta þvingunarráðstöfunum á grunni úrskurða hins kærða dómara. Fyrir liggur að kærandi hefur aldrei notið réttarstöðu sakbornings og grunur hefur aldrei verið um brot í tengslum við starfsemi hans.

Að mati kæranda hefur hinn kærði héraðsdómari með ætlaðri refsiverðri háttsemi sinni brugðist mikilvægum skyldum sínum og valdið ómældum skaða fyrir kæranda sem og aðra aðila sem aðgerðir Seðlabankans beindust að. Um er að ræða mjög alvarleg brot sem höfðu það í för með sér að kæranda var gert að ósekju að sæta þvingunarráðstöfunum á grundvelli ólögmæts úrskurðar.

Kærandi hefur í 27 mánuði þurft að þola afleiðingar ætlaðrar refsiverðrar háttsemi hins kærða dómara. Ef dómarinn hefði fylgt lögum hefði verið unnt að koma í veg fyrir það.

Að lokum er á það bent að einnig var brotið gegn 15. gr. laga nr. 88/2008 af hálfu Ingimundar Einarssonar, dómstjóra við Héraðsdóm Reykjavíkur, við meðferð mála nr. R-162/2012 og R-163/2012, með því að hann þingmerkti ekki framlögð skjöl í málunum, vottaði þau ekki um framlagningu eða varðveitti í skjalasafni dómstólsins, sbr. fylgiskjal nr. 6 með kæru þessari. Það er hér með lagt í hendur lögreglu að meta hvort sú háttsemi hans og eftir atvikum önnur málsmeðferð hans í þeim málum, varði við almenn hegningarlög.

Með vísan til alls framangreinds er þess hér með óskað að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu taki kæru þessa til rannsóknar svo fljótt sem verða má.

Kærandi áskilur sér rétt til að koma að bótakröfu á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst,

f.h. Polaris Seafood ehf.

Þorsteinn Már Baldvinsson

Fylgiskjöl:

1. Krafa um úrskurð á grundvelli 2. mgr. 102. gr., sbr. og 3. mgr. 69. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, dags. 12. mars 2014.
2. Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 24. mars 2012, í máli nr. R-162/2012.
3. Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 24. mars 2012, í máli nr. R-163/2012.
4. Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 27. mars 2012, í máli nr. R-166/2012.
5. Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 27. mars 2012, í máli nr. R-167/2012.
6. Yfirlýsing frá Héraðsdómi Reykjavíkur, dags. 11. desember 2013.